

Stjórnarfundur Leiðsagnar, 6. janúar 2020 kl. 13:00

Tíundi fundur núverandi stjórnar Leiðsagnar var haldinn miðvikudaginn 6. janúar klukkan 13:00. Fundinn var haldinn í gegnum fjarfundabúnað en hann sátu: Júlíus Freyr Theódórsson, Óskar Þór Kristjánsson, Pétur Gauti Valgeirsson, Vilborg Anna Björnsdóttir og Friðrik Rafnsson sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar. Samþykkt.
2. Skýrsla Jakobs S. Jónssonar til stjórnar vegna starfshóps ráðherra. Jakob S. Jónsson var gestur fundarins, en hann er fulltrúi Leiðsagnar í starfshópi ferðamálaráðuneytisins um menntun og starfsþjálfun leiðsögumanna, sem hefur það hlutverk að leggja tillögur fyrir ferðamálaráðherra um framtíðarskipan náms og þjálfunar fyrir leiðsögumenn á Íslandi í samræmi við a) bókun í kjarasamningi þar sem samningsaðilar eru ásáttir um að leita leiða til að leiðsögn hljóti formlega viðurkenningu, og b) fyrirmæli í erindisbréfi ferðamálaráðuneytisins, þar sem starfshópurinn á að leita leiða til að innleiða Evrópustaðalinn ÍST EN 15565:2008 í leiðsögunám hér á landi að viðbættum öryggisþætti, náttúruverndarþætti og neytendapætti. Starfshópurinn er vel á veg kominn og búinn að safna gögnum og kanna lauslega skipulag menntunar í þremur leiðsöguskólum og mun á næstunni kalla ýmsa hagaðila til fundar til skrafs og ráðagerða. Samkvæmt erindisbréfi á hópurnum að skila frumtillögum til ráðherra um miðjan febrúar en lokaniðurstöðum eigi síðar en um miðjan apríl.
3. Fjarfundur Leiðsagnar með umhverfisráðherra v. Hálendisþjóðgarðs. Finna tíma sem hentar, senda honum spurningar fyrir fundinn. Dagur ekki ákveðinn en stefnt að 21. janúar kl. 17:00.
4. Sjúkrasjóður. Heimild til að rukka Sjúkrasjóð til allt að fjögur ár aftur í tímann, var búið að fá álit frá lögfræðingi ASÍ þess efnis. Gera úttekt á sjóðnum í leiðinni og skerpa á úthlutunarreglum.

Fundi slitið klukkan 14:30